

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu í Hrunamannahreppi.

1. gr.

Hreppsnefnd Hrunamannahrepps er heimilt að leggja á árlegt sorphirðugjald (sorphreinsi- og sorpeyðingargjald) sem innheimta skal með fasteignagjöldum.

2. gr.

Gjaldið er sem hér greinir:

	Kr.
A. Sorpeyðing	
Íbúðarhús	5 000 á ári
Atvinnurekstur, bújarðir, garðyrkjustöðvar o. fl.	5 000 á ári
Sumarhús	3 000 á ári
Stærri atvinnurekstur allt að	30 000 á ári
B. Sorphreinsun	
Sótt vikulega, íbúðarhús	3 000 á ári

3. gr.

Gjaldskrá þessi, sem er samin og samþykkt af hreppsnefnd Hrunamannahrepps, er hér með staðfest samkvæmt 18. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, með síðari breytingum, til að öðlast gildi frá og með 1. janúar 1997.

Umhverfissráðuneytinu, 11. desember 1996.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

Nr. 660

11. desember 1996

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu í Ölfushreppi 1997.

1. gr.

Hreppsnefnd Ölfushrepps er heimilt að leggja á sérstakt sorphirðugjald (sorphreinsi- og sorpeyðingargjald) og skal gjaldið innheimtast með fasteignagjöldum.

2. gr.

Gjaldið leggst á árlega sem hér segir:

- A. Íbúðarhús, hver pokaening (einn poki vikulega eða tveir poka hálfsmánaðarlega) kr. 6.000. Fyrir hverja sérmetna fasteign er heimilt að leggja á vegna hvernar viðbótar pokaeningar kr. 4.000.
- B. Atvinnuhúsnæði, hver pokaening kr. 8.250 fyrir hvern poka.
- C. Öll fyrirtæki lögaðila og aðra sem hafa með höndum starfsemi sem krefst sorphreinsunar og/eða sorpeyðingar, skal leggja sorpeyðingargjald og/eða sorphreinsunargjald, samkvæmt eftirfarandi: